

skoðunargjörð tveggja áreiðanlegra manna, er skyn bera á slíkt, að húsið sje í alla staði eins og áskilið er. 42

27. febr.

8. að húsið verði eign prestakallsins í stað núverandi baðstofu, búrs, eldhúss og bæjardýra. og að presturinn haldi því vel við og að hann eða bú hans svari því á sínum tíma í gildu standi eða með fullu álagi.

Þetta er hjermeð þjónustusamlega tjáð yður, herra amtmaður og háæruverðugi herra til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa presta- 43
kalli til húsabyggingar. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður og háæru- 27. febr.
verðugi herra í þóknanlegu brjefi dags. 13. p. m. og eptir beiðni prestsins að Gaul-
verjabæ, sjera Jóns Steingrímssonar, er studd er meðmælum hlutadeigandi prófests, vil
jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að tjeður prestur taki lán handa presta-
kallinu, að upphæð 2800 kr., er ávaxtist og endurborgist af tekjum prestakallsins ekki
síðar en á allt að 25 ára fresti, til þess að byggja á staðnum tvíloptað timburhús
11×12 álur að stærð, járnþakið og járnvarið móti suðri og austri, ásamt sjerstöku
útibúri með torfveggjum og járnþaki 6×4½ al. á stærð, er sje tengt aðalhúsinu með
járnþaktri skúrbyggingu, — með skilyrðum þeim er nú skal greina.

Byggingunni skal lokið vera sama árið og lánið er tekið; skal hún framfara
undir umsjón prófests. Helminginn af hinni ofan nefndu lánsupphæð má ekki taka
fyrir en presturinn hefur sannað með tilhlýðilegri skoðunargjörð að hið fyrirhugaða
íbúðarhús með útibúri og skúr sje fullgjört og í áskildu standi, með þeirri stærð og
fyrirkomulagi, sem fram er tekið hjer að framan og í skjölum þeim er fylgdu beiðni
prestisins um lántökuna; mega þá og niðurfalla hin núverandi bæjarhús, baðstofa, búr,
eldhús, bæjardýr, gangur og skemma, en hin nýja bygging skal síðan vera eign
staðarins, og er presturinn skyldur að váttryggja hana fyrir eldsvoða með 3000 króna
váttrygging að minnsta kosti og viðhalda henni rækilega; skal hann eða dánarbú hans
skila byggingunni í fullgildu standi eða með tilhlýðilegu álagi, þegar hann fer frá
brauðinu eða fellur frá. Smíðja verður að fylgja staðnum eptirleiðis eins og hingað
til.

Jafnframt því þjónustusamlega að tjá yður þetta til þóknanlegrar leiðbein-
ingar og frekari birtingar skal jeg geta þess, að hið umrædda lán getur ekki fengizt
úr landssjóði.

Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins í norður- og austuramtinu 44
um endurveiting hlunninda til handa sparisjóði. — Með brjefi þessu endurveitti 23. marz
landshöfðingi sparisjóðnum á Sauðárkróki um 5 ár hlunnindi þau, sem talin eru í
tilsk. 5. jan. 1874, frá 1. ágúst næstkomandi til 1. ágúst 1896, með sömu skilyrðum
og hlunnindi þessi höfðu áður veitt verið sama sparisjóði (sjá Lhbr. 31. ágúst 1886,
Stjt. 1886 B, nr. 109, bls. 128).